Ed. **917. Breytingartillaga**

við frv. til l. um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Á eftir 15. gr. komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Skylt er kennara að kenna allt að 27 kennslustundum á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.